

BORGARRÁÐ 12. nóvember 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Dýraþjónustu Reykjavíkur - R20110201

Nýlega kom út skýrsla stýrihóps um þjónustu við gæludýraeigendur. Í skýrslunni kemur fram að samþykkt er að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa stofnun DÝR og skila nákvæmum tillögum að verkaskiptingu ásamt innleiðingaráætlun, sem byggir á skýrslu stýrihóps um þjónustu borgarinnar við gæludýr og þeim tillögum sem þar er að finna. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita hvort aðilum frá hagsmunasamtökum t.d. FÁH og HRFÍ verði boðið sæti í hópnum? Í sameiginlegri umsögn Félags ábyrgra hundaeigenda og Hundaræktarfélags Íslands (FÁH og HRFÍ) um skýrslu stýrihópsins er ítarlega farið yfir hvaða þættir eru jákvæðir í tillögunum og hvaða tillögur eru gagnrýnisverðar, óréttmætar og jafnvel ólöglegar. Í ljósi þess að ábendingar FÁH og HRFÍ um hvað betur megi fara er afar mikilvægt að aðili frá samtökunum sitji í starfshópnum. Í gegnum tíðina hafa FÁH og HRFÍ haldið uppi gagnrýni á núverandi fyrirkomulag hundamálefna hjá Reykjavíkurborg. Gagnrýnin hefur beinst ekki síst að innheimtu árlegra eftirlitsgjalda, án þess að slíkt eftirlit væri virkt. Dregið er í efa að innheimta gjaldsins sé lögmætt. Skoða þarf vandlega þessa hluti og einnig hvort telst réttlætanlegt að innheimta skráningargjald aðeins af hundaeigendum þannig að hundaeigendur einir haldi uppi öllum kostnaði við DÝR (Gæludýraeftirlit).